



Borgarráð

Reykjavík 12. mars 2019

Efni: Minnisblað vegna bréfs Ingimundar Stefánssonar, dags. 13. febrúar 2019 til borgarráðs, varaborgarfulltrúa og áheyrnarfulltrúa vegna fyrirhugaðrar samþykktar á deiliskipulagi fyrir topp Úlfarsfells.

Vísað er til bréfs Ingimundar Stefánssonar dags. 13. febrúar 2019, þar sem borgarráðsfulltrúar eru hvattir til að samþykkja ekki deiliskipulagstillögu að fjarskiptamastri á toppi Úlfarsfells.

Í bréfinu er helst á því byggt að:

A: Með deiliskipulaginu sé verið að fækka stöðum til útvarpssendinga á höfuðborgarsvæðinu úr fjölmörgum í eina staðsetningu.

B: Að mati bréfrítara sé slíkt skýrt viðfangsefni svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins samkvæmt lögum og svæðisskipulaginu sjálfu. Fyrirliggjandi deiliskipulagstillaga hafi ekki verið samþykkt í svæðisskipulaginu og sé það ekki í samræmi við lagaáskilnað.

C: Verði deiliskipulagið samþykkt sé verið að taka fram fyrir hendur á öllum íbúum höfuðborgarsvæðisins.

D: Reykjavíkurborg hafi ítrekað hafnað að fjarlægja núverandi fjarskiptamannvirki á Úlfarsfelli, þrátt fyrir að í úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þann 10. september 2012, í málinu nr. 68/2012, hafi verið felld úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í reykjavík að veita byggingarleyfi fyrir tækjaskýli og tveimur 10 metra háum tréstaurom til fjarskiptareksturs á toppi Úlfarsfells.

Varðandi fækkun sendistaða niður í einn þá er vísað til meðfylgjandi töflu yfir sendistaði og dagskrár á höfuðborgarsvæðinu. Staðirnir eru sex auk Úlfarsfells. Vatnsendi og Bláfjöll verða lagðir af vegna annara aðstæðna og þá eru fjórir eftir.

Þó að staðirnir séu nú alls sjö með Úlfarsfelli þá eru einungis fimm dagskrár af 23 sendar út frá fleiri en einum sendistað. Það eru Rás 1, Rás 2, Bylgjan, K100 og Útvarp Saga. Hjá öllum þessum dagskrám er annar sendirinn á stöðum sem verða aflagðir af öðrum ástæðum (Úlfarsfell, Bláfjöll). Þegar Vatnsendi verður lagður niður, undanþága Bláfjalla felld út og sendinum á Úlfarsfelli mögulega gert að hætta störfum komi til þess að deiliskipulagstillagan verði ekki samþykkt, þá verða allar dagskrár á höfuðborgarsvæðinu sendar út frá nokkrum lélegum sendistöðum, þ.e.a.s. í Álfnesi, á Borgarspítalanum, á Skálafelli og Veðurstofunni. Með því að leyfa uppsetningu stöðvarinnar á Úlfarsfelli væri komið í veg fyrir þetta því öllum þessum sendum yrði þá komið fyrir á einum góðum sendistað.



Í skýrslu Mannvits ehf. um staðarvalsgreiningu dags. í mars 2016 kemur fram að með hliðsjón af samanburði sem hefur verið gerður á sendistöðum þyki ljóst að staðsetning útvarpsmasturs uppi á Úlfarsfelli sé áberandi best. Staðurinn henti einnig vel fyrir stafrænar útvarpsendingar (DAB) en þegar fram líða stundir muni þær taka við af FM útvarpsendingum. Meginástæður þess hve Úlfarsfell kemur vel út úr samanburðinum eru þær að á þessum stað ríkir engin vernd samkvæmt skipulagsáætlunum, rafmagn og ljósleiðari eru til staðar, vegur liggur upp á fjallið, þar eru nú þegar útvarpsendar og engin íbúðabyggð er nærri.

Misskilnings virðist gæta hjá bréfitara varðandi gildissvið svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Svæðisskipulag er skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna þeirra um byggðapróun og þá þætti landnotkunar sem þörf er talin á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga. Staðbundnar ákvarðanir um landnotkun skulu eingöngu teknar í svæðisskipulagi að því marki sem nauðsyn þykir til að tryggja sameiginlega hagsmuni hlutaðeigandi sveitarfélaga, til að útfæra landsskipulagsstefnu á hlutaðeigandi svæði eða vegna nauðsynlegrar samræmingar landnotkunar í fleiri en einu sveitarfélagi."

Á svæðum þar sem sveitarfélög telja þörf á að setja fram sameiginlega stefnu um byggðapróun eða einstaka þætti landnotkunar geta hlutaðeigandi sveitarfélög gert svæðisskipulag. Sveitarfélögum er þannig nokkuð í sjálfsvald sett hvort þau taka einstaka þætti inn í svæðisskipulag. Svæðisskipulag er stefnumarkandi og hefur ekkert með einstakar deiliskipulagstillögur eða byggingarreiti að gera. Á þessi málatilbúnaður því ekki við nein rök að styðjast.

Forsaga málsins varðandi núverandi fjarskiptamannvirki á toppi Úlfarsfells er sú að með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þann 10. september 2012, í málinu nr. 68/2012, var felld úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík að veita byggingarleyfi fyrir tækjaskýli og tveimur 10 metra háum tréstaurom til fjarskiptareksturs á toppi Úlfarsfells. Var í úrskurði nefndarinnar á því byggt að ekki hefði verið óskað meðmæla Skipulagstofnunar fyrir leyfisveitingunni samkvæmt 1. tl. bráðabirgðaákvæða skipulagslaga nr. 123/2010.

Ekki kom þó til þess að Reykjavíkurborg krefðist þess að mannvirkin yrðu fjarlægð í kjölfar úrskurðarins, enda engin lagaskylda á byggingarfulltrúa að fjarlægja mannvirki sem sett hafa verið upp án leyfis eða mannvirkjum sem leyfi hafa verið veitt fyrir, en hafa síðar verið felld úr gildi með úrskurði. Í 55. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 sbr. og gr. 2.9.1. í byggingarreglugerð nr. 112/2012, er einungis kveðið á um að byggingarfulltrúa sé heimilt að krefjast þess að slíkar framkvæmdir séu fjarlægðar. Slík ákvörðun er því ávallt háð mati byggingarfulltrúa hverju sinni. Minnt skal enn fremur á að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamál hefur í fjölda mála úrskurðað að borgararnir eigi ekki sjálfstæða kröfu á því að byggingarfulltrúi grípi til þvingunaraðgerða. Kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr. mannvirkjalaga að sveitarstjórn beri ábyrgð á að stjórnýsla og eftirlit byggingarfulltrúa sé í samræmi við ákvæði laganna og að byggingarfulltrúar annist eftirlit með mannvirkjagerð sem falli undir 1. og 2. mgr. 9. gr. sömu laga. Samkvæmt 1. mgr. 55. gr. laganna getur byggingarfulltrúi t.a.m. stöðvað framkvæmdir ef byggt er á annan hátt en leyfi stendur til og í 2. mgr. sömu lagagreinar er að finna heimild fyrir byggingarfulltrúa til að mæla fyrir um niðurrif óleyfisframkvæmdar. Er ákvörðun um beitingu þessarar þvingunarúrræða háð frjálsum mati stjórnvalds hverju sinni.



Tekið er og fram í athugasemdum með frumvarp því sem varð að mannvirkjalögum að eðlilegt sé að ákvörðun um beitingu þessa úrræðis sé metin í hverju tilviki, m.a. með tilliti til meðalhófs. Umræddum ákvæðum verður fyrst og fremst beitt sé það mat viðkomandi stjórnvalds að gengið sé gegn almannahagsmunum þeim er búa að baki mannvirkjalögum, svo sem skipulags-, öryggis- og heilbrigðishagsmunum. Einstaklingum er hins vegar ekki tryggður lögvarinn réttur til að knýja byggingaryfirvöld til beitingar á þvingunarúrræðum, enda eru þeim tryggð önnur réttarúrræði til að verja einstaklingsbundna hagsmuni sína.

Úrskurðarnefndin mælir aldrei fyrir um tilteknar athafnir heldur fjallar aðeins um gildi ákvarðanna. Það er ekkert í úrskurðinum sem kvað á um að mannvirkin skyldu fjarlægð. Það er þvert á móti matsatriði hverju sinni hvort fjarlægja beri framkvæmdir sem ekki styðjast við byggingarleyfi. Umrædd mannvirki verða þó fjarlægð þegar og ef nýtt fjarskiptamastur verður sett á topp Úlfarsfells samkvæmt hinni auglýstu tillögu.

Hvað varðar heimildir borgarráðs til að samþykkja deiliskipulagsáætlanir þá er það þannig að skv. 41. gr. skipulagslaga ber sveitarstjórn ábyrgð á gerð deiliskipulags. Í V. kafla samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 eru ákvæði um verkefni borgarráðs, sbr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Skipulagsfulltrúi hefur í vissum tilvikum heimild til að fullnaðarafgreiða mál án staðfestingar borgarráðs samkvæmt 12. gr. samþykktar fyrir Umhverfis- og skipulagráð Reykjavíkurborgar, sbr. c. –lið 1. gr. viðauka 1.1. í samþykkt nr. 1052/2015, um breytingu á samþykki um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs. Samkvæmt samþykktunum þarf því staðfestingar borgarráðs á auglýstum deiliskipulagstillögum þegar athugasemdir hafa borist á auglýsingartíma.

Athugasemdafresti vegna hinnar auglýstu tillögu lauk þann 17. desember 2018 og kom bréfitari athugasemdum sínum á framfæri með bréfi dags. 18. desember 2019 og var athugasemdunum svarað með umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. janúar 2019. Frestur til að koma að frekari athugasemdum er því löngu liðinn.

Að lokum skal það áréttað að verði deiliskipulagið samþykkt er sú ákvörðun kæránleg til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan 30 daga frá birtingu á auglýsingu um gildistöku í B-deild stjórnartíðinda skv. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

F.h. Umhverfis- og skipulagssviðs,

Harri Ormarsson, lögmaður



Sendistaðir á höfuðborgarsvæðinu

Sendistaður	Tíðni	Dagskrá
Álfsnes	91,4	Bylgjan
Álfsnes	88,1	K100
Álfsnes	99,4	Útvarp Saga
Bláfjöll	100,5	K100
Borgarspítalinn	101,5	80' s Flashback
Borgarspítalinn	98,3	Hans Konrad
Borgarspítalinn	104,5	Kiss FM
Skálafell	92,4	Rás 1
Skálafell	99,9	Rás 2
Úlfarsfell	103,5	BBC
Úlfarsfell	103,9	FMX Klassík
Úlfarsfell	90,9	Gull Bylgjan
Úlfarsfell	96,7	Létt Bylgjan
Úlfarsfell	97,7	X97,7
Vatnsendi	94,1	101 Útvarp
Vatnsendi	105,5	Boðun
Vatnsendi	98,9	Bylgjan
Vatnsendi	87,7	FM Rondo
Vatnsendi	95,7	FM957
Vatnsendi	102,9	Lindin
Vatnsendi	93,5	Rás 1
Vatnsendi	90,1	Rás 2
Vatnsendi	102,1	Útvarp Saga
Vatnsendi	97,3	Útvarp Suðurland
Vatnsendi	88,5	XA Radíó
Veðurstofa mastur	89,1	Áttan FM
Veðurstofa mastur	91,9	Flashbback
Veðurstofa mastur	89,5	FM Retró
7 staðir alls		